

32
23ja
nóvbr.

eigi átt við aðra en þá, sem hafa fast aðsetr í hreppnum. Úrlausn þeirrar spurningar, hvort Magnús Magnússon sé skyldr að greiða aukaútsvar í Leiðvallahreppi fardagaárið 1871—72, er því komin undir því, hvort sagt verði, að hann á hinu nefnda ári hafi haldið aðsetri sínu í Leiðvallahreppi, þó hann hafi í fardögum 1871 flutst búferlum til Skaptárdals, og hefir þetta þótt leiða af því, að Magnús, þá er hann fór frá Sandaseli eigi slepti þegar byggingarráðum á þessari jörð, en hélt þeim hið næsta ár á eptir, lét nokkur hjú sín hirða um jörðina, og skildi eptir á henni þann fænað, sem nauðsynlegr var þessum hjúum til framfæris. Þetta atriði hefði nú, ef til vill, getað heimilað Leiðvallahreppi að jafna aukaútsvari á þann vinnumann, er fyrir hönd Magnúsar sá um jörðina, en það virðist eigi eitt út af fyrir sig geta komið því til leiðar, að Magnús verði álitinn búandi í fleiri en einni sveit, og það verður því eigi betr séð, en að hann með því, að flytjast í Kleifahrepp hafi slept aðsetri sínu í Leiðvallahreppi.

Samkvæmt þessu er hér með breytt úrskurði amtsins á málinu, en með því, að spurning sú, hvort maðr sé gjaldskyldr í einhverri sveit, eptir hlutarins eðli og löggjöf-inni — sbr. 24. grein tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík frá 20. apríl 1872 — sætir fullnaðarúrlausn dómstólanna, verður að tjá Leiðvallahreppi, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að hann, ef hann vill ekki una við úrskurð landshöfðingjans á málinu, leiti dóms og laga um það.

33
24ða
nóvbr.

Auglýsing um póstmálefni.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 7. þ. m. samþykkt eptirritaðar breytingar á reglum þeim, sem gjörðar eru í 2., 7. og 8. grein auglýsingar frá 3. maí 1872 um setningu pósta-fgreiðslustaða og bræfhirðingarstaða, um laun fyrir sýslanir þessar og um aukapóstferðir.

- 1, að aukapóstferð verði stofnuð frá Akreyri til Siglufjarðar og bræfhirðing í Siglufirði.
- 2, að pósta-fgreiðslan fyrir Skagafjardarsýslu verði flutt frá Miklabæ að Víðimýri, en að bræfhirðing verði stofnuð á Miklabæ,
- 3, að pósta-fgreiðslan á Miklaholti verði flutt að Rauðkollsstöðum.
- 4, að bræfhirðingin í Eyðölum verði flutt að Höskuldsstöðum í Breiðdal.
- 5, að bræfhirðingin á Felli í Dyrhólahreppi verði flutt að Vik í sama hreppi,
- 6, að bræfhirðingin á Friðriksgáfu verði tekin af.
- 7, að launin fyrir neðan nefndar pósta-fgreiðslur verði eptirleiðis þannig :

a, að Ísafirði	35 rd.
b, á Bæ	30 —
c, að Djúpavogi	30 —
d, á Helgastöðum	25 —
e, á Sveinsstöðum	25 —

Breytingar þessar öðlast gildi frá 1. janúar 1875.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. dag nóvbrmán. 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.